


ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPDRAETTI  
1:500



ÚR BREYTTUM DEILISKIPULAGSUPPDRAETTI  
1:500



ADALSKIPULAG HORNAFJARÐAR 2012-2030.  
1:15000

### SKÝRINGAR;

NÝ LÓDAMÖRK

### Krosseyjarvegur 5 - 7

Lóð Heppuvegar 2a sameinast lóð Krosseyjarvegur 5 - 7 og við hana bættist einnig svæði norðaustast ætlað sorpflokkun. Lóð Heppuvegar 2a er orðin að sér lóð.

Stærð fyrir breytingu: 1520m<sup>2</sup>  
Stærð eftir breytingu: 1402m<sup>2</sup>

### Heppuvegur 2a

Stærð eftir breytingu: 269m<sup>2</sup>

### Verðandi / Bíóbraggi

Verðandi var skrifstofu- og verslunarhús byggt 1921 tvílyft timburhús á steypum sökkli. Húsið var rífið 1971, en tóft þess stendur enn.

Heimilt skal að byggja nýtt hús á lóð Verðandi sem hafi form og umfang upprunalegs húss. Um endurgerð hússins skal leitast við að afla sem besta heimilda um Verðandi og byggja í hans mynd eftir föngum.

Einnig er heimilt að steypa nýtt einnar hæðar hús með mænispaki sem rúmast innan byggingarreits, með aðkomu frá miklagarði.

Meðan ekki verður að nýbyggingu skal ekki spilla tóftinni, en tryggja að af henni stafi ekki slyshætta.

Húsið má eftir atvikum tengja Bíóbragganum, Gíslaverkstæði og Íshúsinu, og nýta fyrir ýmsa starfsemi á svæðinu, í samræmi við markmið deiliskipulagsins.

**Graðaloftið** var byggt 1944 fyrir aðstöðu fyrir net og beitingar. Graðaloftið stendur þar sem áður stóð vestasti hluti Miklagarðs.

Á lóð Graðaloftsins skal annars vegar heimilt að gera við eða endurgera húsið í sinni mynd - þrílyft steinsteypt hús með valmapaki.

Hins vegar skal heimilt að fjarlægja það í því skyni að endurbyggja vestasta hluta Miklagarðs sem stóð áður þar sem Graðaloftið stendur nú.

Þar til nýtt deiliskipulag er tilbúið, skal tímabundið heimilt að nýta lóðina sem aðkomutorg og bæjarrými, enda spilli slík nýting ekki fyrir möguleikum á stækkun Miklagarðs.

Heimilt skal að tengja á neðstu hæð byggingarreit Graðalofts við byggingarreit aftan við hann (byggingarreit „Íshúss“) í því skyni að byggja stærri samfellda byggingu verði það talið æskilegt.

Heimilt skal að laga smærri viðbyggingar og skjólvirki að Miklagarði og Graðalofti innan byggingarreits til að skýla inngöngum osfrv., enda sé útlit fleirra lagað að húsunum.

Lóðarmörk lóðar Miklagarðs / Graðalofts að bryggjum eru 3m framan við húsin. Þar skal vera kvöð um umferð gangandi fólks meðfram húsunum, og ekki bílaumferð eða annarra ökutækja. Mörkin verða auðkennd með merkingum, hæðamun, vegriði og/eða með yfirborðsfrágangi. Heimilt er að lækka yfirborð framan við miklagarð til jafns við upprunalegan gólfkóta til, m.a., að bæta aðgengi allra að húsinu.

Fjölbreytt starfsemi verður í húsunum, gistirými, safnastarfsemi og sýningarrými, menningarstarfsemi, þjónusta við ferðamenn, veitingasala ofl., þjónusta við sjómenn og aðra sem starfa á bryggjunni framan við.

MINNIHÁTTAR BREYTING Á DEILISKIPULAGI		SKIPULAGSUPPDRATTUR	
Breyting:	Teikn.nr.:	<b>DS-01</b>	
Útgáfud.:	Miv.:		
22.02.2022	1:500	<b>22.2.2022</b> <b>kaa</b> Kjartan Arnason arkitekt - kt.: 5406181190 +354 844 1660	
Verkur:	Teikn. Yfirf.		
	ka oj		